

586. fundur

Föstudaginn 4. september 2015 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. l. nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson ANR formaður
Benedikt S. Benediktsson FJR
Baldur Arnar Sigmundsson ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari nefndarinnar.

1. Lögð fram fundargerð 585 og hún samþykkt.
2. Tekið var fyrir hvort framlengja þurfi reglugerð nr. 144/2015 um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti sem rennur út 30. september 2015. Send var fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila sbr. tölvupóst 24. ágúst sl. Málið var rætt og á grundvelli þeirra svara sem bárust nefndinni var ákveðið að opna ekki tollkvóta á nautakjöt að sinni. Send verður út tilkynning þar um til hagsmunaaðila.
3. Lagt var fyrir erindi frá Grænum markaði ehf. dags. 24. ágúst 2015 þar sem farið var fram á að úthluta eftirstöðvum af tollkvóta afskorinna blóma sem ekki gekk út við úthlutun seinni hluta ársins 2015, alls 38.750 stk. Ákveðið var að senda fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila til að kanna afstöðu þeirra til framkominnar beiðni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.